BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 375

# Sjóvá hf.

***vátryggingarfélag***

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

*Einkaskjalasafn nr. 375*

# *Sjóvá hf.*

## *vátryggingarfélag*

*Sjóvátryggingafélag Íslands h.f. var stofnað 1918.
Almennar Tryggingar h.f. voru stofnaðar 1943.
Sjóvá og Almennar tryggingar sameinuðust 1989 undir því nafni,
sem var breytt í Sjóvá h.f. 2005.*

# Ágrip af sögu Sjóvá

## 1. Nýtt félag með sterkar rætur

Kjörorð Sjóvá-Almennra trygginga hf. var í upphafi „Nýtt félag með sterkar rætur". Með því var vísað til áratugalangrar sögu forvera félagsins. Félagið hóf starfsemi í febrúar 1989 á grunni tveggja gamalgróinna vátryggingafélaga, Sjóvátryggingarfélags Íslands hf. og Almennra Trygginga hf. Lengi hafði verið horft á þann möguleika að sameina félögin vegna þess hve uppbygging þeirra var lík. Félögin höfðuðu til breiðs hóps, sérhæfðu sig ekki á einu tryggingasviði eða störfuðu í skjóli sérlaga eða sérhagsmuna. Með sameiningunni var stefnt að aukinni hagræðingu í rekstri, lækkun kostnaðar, betri áhættudreifingu og hagstæðari endurtryggingavernd. Þannig var félagið betur í stakk búið til að takast á við aukna samkeppni með nýjum vátryggingagreinum og efldri þjónustu við viðskiptavini.

## 2. Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. 1918–1989

Stofnskrá Sjóvátryggingarfélags Íslands hf. var samþykkt 20. október 1918 og hóf félagið formlega starfsemi 15. janúar 1919. Stofnendur félagsins voru fyrst og fremst athafnamenn úr Reykjavík sem sveið að ekki væri starfandi innlent almennt vátryggingafélag en fram að þeim tíma höfðu Íslendingar orðið að kaupa allar vátryggingar, nema brunatryggingar á húsum og lausafé, af erlendum vátryggingafélögum sem störfuðu hér í gegnum umboðsskrifstofur. Ákveðið var að verksvið félagsins skyldi vera venjulegar beinar sjóvátryggingar, samtryggingar og endurtryggingar, svo og stríðsvátryggingar í umboði fyrir aðra. Aðsetur félagsins var í húsnæði Nathan & Olsen í Austurstræti 16. Fyrsti framkvæmdastjóri félagsins var Axel V. Tulinius og fyrsti stjórnarformaður félagsins var Ludvig E. Kaaber.

Á næstu árum víkkaði starfssvið félagsins smám saman og við bættust nýjar vátryggingagreinar, s.s. bruna-, rekstrarstöðvunar- og húsaleigutryggingar. Árið 1934 var stofnuð líftryggingadeild hjá félaginu en fram að þeim tíma höfðu allar líftryggingar verið í höndum erlendra aðila. Þá bættust bifreiðatryggingar við skömmu síðar, eða árið 1937. Fleiri vátryggingagreinar bættust við á næstu árum auk lánastarfsemi til viðskiptavina.

Árið 1921 flutti félagið starfsemi sína í húsnæði Eimskipafélags Íslands hf. og var þar til húsa allt til ársins 1957 er félagið flutti í eigið húsnæði í Ingólfsstræti. Árið 1971 keypti félagið húsnæði að Suðurlandsbraut og var þar til húsa fram að sameiningu félaganna árið 1989.

Axel V. Tulinius var framkvæmdastjóri félagsins til ársins 1933 þegar Brynjólfur Stefánsson, fyrsti íslenski tryggingastærðfræðingurinn, tók við af honum. Árið 1957 tók Stefán G. Björnsson við sem framkvæmdastjóri og árið 1971 þeir Axel Kaaber til 1976 og Sigurður Jónsson sem starfaði til 1984. Axel annaðist innlendar og erlendar endurtryggingar svo og líftryggingadeild félagsins en Sigurður öll önnur framkvæmdastjórastörf. Einar Sveinsson tók við stöðu framkvæmdastjóra árið 1984.

Árið 1960 tók félagið þátt í stofnun Sambands íslenskra tryggingafélaga, SÍT. Árið 1967 gerðist félagið umboðsaðili Lloyd's í London gegnum nýtt félag, Könnun hf. Árið 1975 var ákveðið að stofna líftryggingafélag sem yfirtók vátryggingastofn líftryggingadeildar Sjóvá og var Líftryggingarfélag Sjóvátryggingarfélags Íslands hf. stofnað 1. september það ár. Árið 1985 eignaðist félagið meirihluta í Hagtryggingu hf. og var rekstur félaganna sameinaður ári síðar. Sama ár sameinuðu Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. og Tryggingamiðstöðin hf. líftryggingafélög sín í nýju

félagi, Sameinaða líftryggingarfélaginu hf. Árið 1986 stofnaði félagið fjárfestingarfélagið Festingu hf.

## 3. Almennar Tryggingar hf. 1943-1989

Stofnfundur Almennra Trygginga hf. var haldinn 11. maí 1943. Stofnendur félagsins töldu góð viðskipti vera í vátryggingum og vildu veita Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf., sem var eina starfandi alhliða íslenska vátryggingafélagið, samkeppni. Félagið hóf formlega starfsemi sína þann 28. ágúst sama ár. Fyrsti framkvæmdastjóri félagsins var Baldvin Einarsson og stjórnarformaður var Carl Olsen. Aðalstöðvar félagsins á fyrstu árum þess voru í Austurstræti 10a.
Miklu munaði fyrir félagið að árið 1944 náðist samningur við Reykjavíkurborg um brunatryggingar húseigna en brunatryggingarnar höfðu áður verið í höndum Sjóvá. Sama ár var fyrsta útibú félagsins stofnað á Akureyri og tók KEA að sér umboðsstörf. Starfsemin óx jafnt og þétt og bætti félagið við sig tryggingagreinum og umboðsmönnum. Árið 1946 samþykkti stjórn félagsins að ganga til samninga um að yfirtaka allar tryggingar vátryggingafélagsins Baltica hér á landi á bifreiðum og „biftækjum“. Sama ár tók félagið að sér sína fyrstu endurtryggingu þegar það endurtryggði farm í skipi frá Rússlandi til New York. Árið 1952 var líftryggingadeild Almennra Trygginga hf. stofnuð. Á svipuðum tíma hóf félagið sölu á frjálsum ábyrgðartryggingum.
Árið 1960 flutti félagið í eigin nýbyggingu við Pósthússtræti 9 og var þar til húsa til ársins 1978 er starfsemin flutti í Síðumúla 39 þar sem félagið var til húsa fram að sameiningu 1989. Baldvin Einarsson var framkvæmdastjóri félagsins frá stofnun til ársins 1980. Frá 1976 var Ólafur B. Thors framkvæmdastjóri með honum, en frá 1980 og allt til sameiningar 1989 var Ólafur eini framkvæmdastjóri félagsins.
Á árunum í kringum 1969 gætti versnandi stöðu bifreiðatrygginga og kom fram að hækkanir á iðgjöldum bifreiðatrygginga myndu á engan hátt nægja til að standa undir kostnaði. Erfiða stöðu vátryggingafélaga er e.t.v. ekki alltaf hægt að lesa út úr ársreikningum frá þessum tíma, einfaldlega vegna þess að engar reglur voru um það hversu mikið fé skyldi lagt til hliðar fyrir óuppgerðum tjónum og gátu félögin haft það nokkuð í hendi sér hversu mikils þau mátu framtíðarskuldbindingar sínar. Er líklegt að félögin hafi vanmetið þessar skuldbindingar í ársreikningum sínum til þess eins að sýna viðunandi útkomu og geta greitt hluthöfum arð.
Á sama tíma ákváðu stjórnendur félagsins að leita fyrir sér erlendis um að taka að sér erlendar endurtryggingar í auknum mæli. Þessi viðskipti virtust í fljótu bragði vera ábatasöm og töldu íslensku tryggingafélögin mörg hver að þar væri að leita bjargráða til að bæta upp tapið á vátryggingarekstri á Íslandi. En það var öðru nær, viðskipti hér á landi með erlendar endurtryggingar fóru illa með félagið sem og önnur vátryggingafélög.
Árið 1970 var fjárhagur Almennra Trygginga hf. aðskilinn frá fjárhag líftryggingadeildar Almennra Trygginga hf., og í mars árið 1977 var stofnað hlutafélagið Almennar Líftryggingar hf. og var líftryggingastofn Almennra Trygginga hf. fluttur yfir til þess félags.
Árið 1984 var hafin sala á samsettri vátryggingu sem síðar fékk nafnið atvinnurekstrartrygging og spannar hún flesta rekstrarþætti fyrirtækja og kom í stað margra trygginga áður. Árið 1987 var hafið samstarf við Brunabótafélag Íslands um rekstur tjónaskoðunarstöðvar í Reykjavík. Tilgangurinn var að bæta fagleg vinnubrögð við mat tjóna. Við sameiningu Sjóvátryggingarfélagsins og Almennra

Trygginga tók hið nýja félag við tjónaskoðunarstöðinni og keypti hlut Brunabótafélagsins í henni.

## 4. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. 1989

Árið 1988 hófust viðræður milli Sjóvátryggingarfélagsins og Almennra Trygginga um hugsanlega sameiningu eða samstarf félaganna. Þær gengu það vel að þann 16. desember 1988 var vátryggingafélagið Sjóvá-Almennar tryggingar hf. stofnað formlega. Hluthafafundir í báðum félögum voru haldnir 20. janúar 1989 þar sem samrunasamningar voru lagðir fyrir og samþykktir. Starfsleyfi fékkst 15. febrúar og þann 16. febrúar 1989 hóf félagið starfsemi sína undir nýju nafni.
Í upphafi var starfsemi félaganna á tveimur stöðum, á Suðurlandsbraut og í Síðumúla, en sameinaðist í nóvember 1989 í núverandi húsakynnum félagsins, Kringlunni 5. Framkvæmdastjórar voru tveir frá stofnun og til 2002, Einar Sveinsson og Ólafur B. Thors, en Ólafur lét af störfum í mars 2002. Einar Sveinsson var forstjóri frá mars 2002 og lét af störfum í mars 2004. Þá tók Þorgils Óttar Mathiesen við sem forstjóri. Þór Sigfússon tók við sem forstjóri í desember 2005. Hörður Arnarson tók við starfi forstjóra árið 2009 og Lárus Ásgeirsson síðari hluta sama árs.
Árið 1996 keypti félagið Húsatryggingar Reykjavíkur hf. og eignaðist vátryggingafélagið Ábyrgð hf. að fullu, en árið 1991 hafði verið undirritaður samstarfssamningur við félagið og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. eignuðust hlut í því. Ábyrgð var áður að mestu leyti í eigu sænska tryggingafélagsins Ansvar.
Árið 1998 náði félagið þeim áfanga í fyrsta sinn að verða stærst íslenskra vátryggingafélaga, miðað við bókfærð iðgjöld.
Félagið gaf út fréttabréf sem nefndist Bót í máli og kom út tvisvar á ári. Ritinu var ætlað að upplýsa viðskiptavini um málefni sem tengdust félaginu og um leið að vera hluti af forvarnarstarfi þess. Fyrsta tölublaðið kom út árið 1995 og það síðasta á vormánuðum 2003.
Í lok desember 2006 voru 194 stöðugildi hjá félaginu. Við stofnun félagsins voru þau 129.

## 5. Sameiningar, dótturfélög og tengd félög

Eftir sameiningu Sjóvá og Almennra árið 1989 fylgdu félaginu tvö dótturfélög, Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. og Könnun hf. Eignarhlutur í Sameinaða líftryggingarfélaginu hf., Samlífi, var 49,5% og var það ekki talið dótturfélag.
Árið 1994 var dótturfélagið Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. sameinað móðurfélaginu eftir að líftryggingastofn þess hafði verið seldur til Samlífs.
Á árinu 1997 eignuðust Sjóvá-Almennar tryggingar hf. allt hlutafé í Ábyrgð hf. og í ársbyrjun 1997 voru félögin sameinuð. Vátryggingastofn Ábyrgðar var þá u.þ.b. einn tíundi af stofnstærð Sjóvá-Almennra trygginga hf.
Á árinu 1996 keypti félagið einnig allt hlutafé í Húsatryggingum Reykjavíkur hf. af Reykjavíkurborg og voru félögin sameinuð í ársbyrjun 1997. Voru þessar sameiningar liður í viðleitni félagsins til að styrkja markaðsstöðu sína og ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri.
Á árinu 1998 seldu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. helming hlutafjáreignar sinnar í Samlífi til nokkurra banka og lífeyrissjóða.
Festing ehf., fjárfestingafélag í eigu Sjóvá-Almennra trygginga hf. o.fl. tengdra aðila, var sameinað félaginu í árslok 1999.
Dótturfélagið Könnun hf., sem var umboðsaðili Lloyd’s og óháður skoðunaraðili, var árið 1999 selt til Frumherja hf.

Á árinu 2000 keyptu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. vátryggingastofn Vélbátaábyrgðarfélags Ísfirðinga og tóku tímabundið við rekstri þess félags. Félagið keypti einnig á árinu 25% eignarhlut í Samábyrgðinni hf. (áður Samábyrgð Íslands á fiskiskipum).
Á árinu 2001 keyptu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. vátryggingastofna Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu og Vélbátaábyrgðarfélags Breiðafjarðar. Markmið með þessum kaupum var að styrkja stöðu félagsins á sjótryggingamarkaði.
Á árinu 2001 keypti félagið allt hlutafé í Samábyrgðinni hf.
Á árinu 2002 keyptu Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hlut TM og lífeyrissjóða í Samlífi, sem var stofnað 1985 og átti í félaginu á móti Íslandsbanka. Við kaup Íslandsbanka á Sjóvá-Almennum tryggingum hf. haustið 2003 eignaðist félagið allt hlutafé í Samlífi og tóku við rekstri þess. Samlíf heitir í dag Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.
Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. tekur að sér líftryggingar einstaklinga og hópa en samkvæmt íslenskum lögum skal líftryggingastarfsemi rekin aðskilin frá annarri vátryggingastarfsemi. Starfsmenn Sjóvá-Almennra trygginga hf. annast sölu á líftryggingunum svo og sérstakir sölumenn félagsins.
Á árinu 2003 keypti Íslandsbanki alla hluti í félaginu og samþætti við rekstur sinn. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hlutu viðurkenningu frá Hollvinum hins gullna jafnvægis og Íslensku gæðaverðlaunin haustið 2003.
Í maí 2006 var Sjóvá alfarið í eigu Milestone.
Í maí 2009 eignaðist skilanefnd Glitnis banka Sjóvá að fullu.

*Ágrip af sögu Sjóvá kom frá Sólveigu Magnúsdóttur,
skjalastjóra hjá Sjóvá.*

*Dagbækur, merktar (ekki allar) Carl Olsen 1916 til 1968 komu með safninu.
Carl Olsen var annar af stofnendum fyrirtækisins Nathan & Olsen.
Sjóvá hafði aðsetur í húsi Nathan & Olsen 1918-1921. Búið er að skrá það sem einkaskjalasafn nr. 418.*

*Komið var með sjalasafnið í Borgarskjalasafn 15. janúar 2009, en 2008 hafði skráður hluti safnsins verið afhentur.*

## Skjalaskrá

### *Bréfa- og málasafn*

### Askja 1

*Stofnskrá, bréf, fundargerðir o.fl. 1918-1994.*

***Örk 1 /***
Stofnskrá Sjóvátryggingarfjelags Íslands h.f. 20. október 1918, ljósrit.

***Örk 2***
Samningar um sjó- og flutningavátryggingar K-Ö o.fl. 1919-1981.

***Örk 3***
Ársreikningur Sjóvátryggingarfjelags Íslands h.f. 1948.
Sjóvátryggingarfjelag Íslands h.f., fundargerðir aðalfunda, líklega frá 1949 til 1965, ekki öll ár.
Listi yfir „Elzta starfsfólk Sjóvá“ (1925-1959), um 1968.
Sjóvátryggingarfjelag Íslands h.f. 25 ára, samantekt, 1943.
Sjóvátryggingarfjelag Íslands h.f. 30. ára, samantekt, 1948.
Sjóvátryggingarfjelag Íslands h.f. 40 ára, samantekt og blaðaúrklippur, 20. október 1958.
Sjóvátryggingarfjelag Íslands h.f. 40 ára, blaðaúrklippur, 1958.
Sjóvátryggingarfjelag Íslands h.f. 50 ára, þakkarkort, blaðaúrklippur, 1968.
Listi yfir stjórnarmenn í Sjóvá, án árs.
Reiknisyfirlit o.fl. 1965-1971, ekki öll ár.
Sótt um starfsleyfi fyrir Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f. 1974, ljósrit.

***Örk 4***
Nokkrir kaflar úr starfsmannahandbók, starfslýsingar o.fl. 1990.

***Örk 5***
Eftirlaunasjóður, bréf, reglugerðir, minnismiðar o.fl. 1982-1988.
Bréf o.fl. til starfsmanna og umboðsmanna 1988-1994.

***Örk 4***
Lífeyris- og eftirlaunasjóður starfsmanna, fundargerðir o.fl. 1982-1983.

***Örk 5***
Handbók starfsfólks fyrir vátryggingasamninga 1992.

***Örk 6***
Tillögur að tryggingaskilmálum, bréf, uppsetningar, minnismiðar o.fl. 1984.

***Örk 7***
Bréf frá lögmönnum og umferðaráði o.fl. 1978-1990.

**Askja 2**
*Samningar um vátryggingar og hlutabréf 1919-1981*

***Örk 1***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands 1919-1979.

***Örk 2***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 2-25, 1924.

***Örk 3***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 26-50, 1924.

***Örk 4***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 51-75, 1924.

***Örk 5***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 76-100, 1924.

**Askja 3**

*Hlutabréf 1924.*

***Örk 1***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 101-125, 1924.

***Örk 2***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 126-150, 1924.

***Örk 3***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 151-175, 1924.

***Örk 4***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 176-200, 1924.

***Örk 5***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 201-225, 1924.

***Örk 6***
Hlutabréf í Sjóvátryggingarfélagi Íslands, nr. 226-250, 1924.

**Askja 4**

*Ársskýrslur Sjóvá o.fl. 1935-1988.*

*Sjóvátryggingarfjelag (félag) Íslands h.f.,* ársskýrslur - reikningar, 1935-1981
*Líftryggingarfélag Sjóvá h.f.,* ársskýrsla, 1982.
*Sjóvá-Almennar,* ársskýrsla, 1988.
Sjóvátryggingarfélag *Íslands h.f. 50 ára, afmælisrit, 1968, ljósrit.*

**Askja 5**

*Ógildir vátryggingasamningar A-Ö 1919-1948.*

***Örk 1***
Ógildir vátryggingasamningar A-G.

***Örk 2***
Ógildir vátryggingasamningar H-L.

***Örk 3***
Ógildir vátryggingasamningar M-R.

***Örk 4***
Ógildir vátryggingasamningar S-Ö.
*Frjáls verzlun,* greinar vegna 50 ára afmælis Sjóvátryggingafélags Íslands 1968, ljósrit.

**Askja 6**

Tjónaskýrslur skipa í erlendum höfnum 1934-1939.

**Askja 7**

*Vátryggingar o.fl. 1919-1991.*

***Örk 1***
Skipavátryggingaskírteini, ,1924, ljósrit.
Iðgjaldaskrá, án árs.
Hlutabréf frá 1919 og 1924, ljósrit.
Iðgjaldaskrá 1939, 1947.
Bréf og listar vegna ófullnægjandi trygginga o.fl. 1932-1943
*Sjóvátryggingarfélag Íslands Hf. 50 ára*, grein úr *Frjálsri verslun* 1968, ljósrit.

***Örk 2***
Vátryggingarfélagið h.f., bréf, iðgjaldaskrá fyrir bifreiðatryggingar, listar yfir bifreiðar, útreikningar o.fl. 1942-1971.

***Örk 3***
Tryggingaskírteini og iðgjaldakvittanir, frá Ólafi Bergssyni, Emli Geirssyni o.fl. 1945 til 1988.
Ferð Ólafs Bergssonar til Kaupmannahafnar. Bréf, minnismiðar o.fl. 1963.
Samkomulag vegna starfsloka Ólafs Bergssonar hjá Sjóvá- Almennum 9. október 1991.

***Örk 4***
Félag bifreiðatryggingafélaga, fundargerðir, bréf o.f. 1955-1965, fundargerðir ljósritaðar.

***Örk 5***
Sameiginlegir fundir bifreiðatryggingafélaga, fundargerðir o.fl.,1961-1965.

***Örk 6***
Samþykktir fyrir Tryggingasamsteypu frjálsra ábyrgðartrygginga, lög, fundargerðir, greinargerðir, töflur o.fl. 1974-1988.

**Askja 8**

*Vátryggingar 1932-1984.*

***Örk 1***
Iðgjaldaskrá bifreiðatrygginga o.fl. líklega 1932-1958.

Ökutryggingar, iðgjaldaskrár o.fl. 1964-1965, 1969, 1974, 1976, 1978.

***Örk 2***
Tjónayfirlit vegna ökutækja 1963-1984.

***Örk 3***
Vátryggingaskilmálar fyrir íslensk fiskiskip, listar yfir skip o.fl. 1967-1978.

**Askja 9**

*Samstarfssamningar o.fl. 1983-1991.*

***Örk 1***
Samstarfsnefnd íslensku bifreiðatryggingafélaganna vegna frumvarps til umferðarlaga,
ýmsar hugleiðingar um „poolinn“ og samstarfið, umferðaröryggisár o.fl. 1983-1985.

***Örk 2***
Samstarfsnefnd tryggingafélaganna, fundargerðir, greinargerðir, töflur o.fl. 1983-1988.

***Örk 3***
Samstarfsnefnd tryggingafélaganna, fundargerðir, greinargerðir, töflur o.fl. 1987-1989.

***Örk 4***
Samstarfsnefnd tryggingafélaganna, fundargerðir, greinargerðir, töflur o.fl. 1990-1991.

***Örk 5***
Aðalfundur Sambands íslenskra tryggingafélaga, dagskrá, skýrsla o.fl. 9. mars 1988.

**Askja 10**

*Iðgjaldaskrár o.fl. 1968-1988.*

***Örk 1***
Iðgjaldaskrá. Samband slysatryggjenda 1976.
Iðgjaldaskrá. Allar tryggingar 1986.

***Örk 2***
Iðgjaldaskrá. Ábyrgðartryggingar 1988.

***Örk 3***
IBM, hugleiðingar um heildarbókhaldskerfi fyrir Sjóvá og athuganir á sölutækni og samband
félagsins við viðskiptavini sína 1981-1984.

***Örk 4***
Auglýsingar 1968-1980.

***Örk 5***
Eyðublöð.
Umslag með klisju af merki Sjóvá.

## Bókhald
*Bókhaldsbækur 1919-1988.*

**Askja 11**

Frumbók 3. febrúar 1919 til 31. desember 1919.

**Askja 12**

Aðalbók 1. janúar 1920 til 31. desember 1921.

**Askja 13**

Höfuðbók 1. janúar 1922 til 31. desember 1925.
Höfuðbók 1. janúar 1926 til 31. desember 1936.

**Askja 14**

Aðalbók 1. janúar 1937 til 31. desember 1950.
Höfuðbók 1. janúar 1939 til 31. desember 1952.
Aðalbók 1. janúar 1951 til 31. desember 1972.

**Askja 15**

Sjóðbók fyrir innborganir 26. ágúst 1944 til 31. október 1945.
Sjóðbók 1. október 1971 til 30. september 1984.
Sjóðbók ýmsir reikningar, júlí 1972 til 31. desember 1982.

**Askja 16**

Statusbog, 15. janúar 1919 til 31. desember 1936.
Efnahagsbók, líklega 30. september 1938 til 31. desember 1955.
Efnahagsbók, 1. janúar 1956 til 31. desember 1965.
Efnahagsbók, 1. janúar 1966 til 31. desember 1977.

**Askja 17**

Eftirlaunasjóður, aðalbók starfsmanna, 31. desember 1935 til 31. desember 1970.
Eftirlaunasjóður, starfsmanna, 29. október 1935 til 2. október 1951.
Eftirlaunasjóður, starfsfólk Sjóvá, 1955-1977.
Eftirlaunasjóður, útdráttarbréf, 10. október 1968 til 1. desember 1983.

**Askja 18**

Lífdeild, aðalbók, 1. janúar 1959 til 31. desember 1972.
Lífdeild, útdráttarbréf, 6. júní 1980 til 30. janúar 1984.
Lífeyrissjóður, meðlimaskrá, 1. mars 1974 til 31. desember 1977.

**Askja 19**

Innheimta tjóna, iðgjalda o.fl. 2. janúar 1937 til 31. júlí 1939.
Viðskiptamannabók 27. ágúst 1953 til 5. júlí 1957.
Arður 1963 til 1. október 1976.

**Askja 20**

Húsatryggingar, tjónabók, 21. apríl 1939 til 25. september 1944.
Húsa-, bifreiða- og lífdeildartryggingar 1944-1969.

**Askja 21**

Húsatryggingar, iðgjöld, 1946-1959.
Íbúðalán, eftir mánuðum, 1956-1982.

**Askja 22**

Bifreiðadeild, viðskiptamenn, 1. janúar 1937 til 31. desember 1950.
Bifreiðadeild, aðalbók, 31. mars 1937 til 31. desember 1961.
Bifreiðadeild, tjónadeild, 18. ágúst líklega 1941 til 29. nóvember 1952.
Bifreiðadeild, ábyrðadeild bifreiða, 1. janúar 1950 til 26. nóvember 1977.

**Askja 23**

Bifreiðadeild, sjóðsreikningur, 1. janúar 1962 til 31. desember 1972.
Skip, tjónabók, 1928-1933.
Skipaskoðanir 1935-1938.

**Askja 24**

Sjódeild, aðalbók, 7. júní 1943 til 31. desember 1968.
Sjódeild, tjónauppgjör, 31. desember 1943 til 31.desember 1959.
Sjódeild, tjónabók, 1. september 1943 til 31. desember 1946.

**Askja 25**

Vátryggingabók, endurtryggingar fyrir erlend félög í sjódeild, 1955-1974. Í bókinni eru einnig ljósmyndir (4 hópmyndir og ein andlitsmynd, ómerkt).
Skipatjón, hlaupandi númer, 21. nóvember 1967 til 8. desember 1968.
Sjódeild, tjónabók 1971, 1. janúar 1971 til 31. desember 1975.

**Askja 26**

Sjódeild, tjónabók, 1973, 31. desember 1973 til 31. desember 1977.

**Askja 27**

Sjódeild, tjónabók 1974, 23. janúar 1974 til 31. desember 1977.

**Askja 28**

Sjódeild, tjónabók 1975, 1. janúar 1975 til 31. desember 1976.

**Askja 29**

Sjódeild, tjónabók 1976, 31. desember 1976 til 31. desember 1977.

**Askja 30**

Sjódeild, tjónabók, 13. nóvember 1943 til 31. desember 1974.
Sjódeild, útdráttarbréf, 12. maí 1976 til 17. nóvember 1983.

**Askja 31**

Brunadeild, aðalbók, 1. janúar 1926 til 31. desember 1930 og
höfuðbók Brunadeildar 1. janúar 1931 til 31. desember 1934.
Brunadeild, höfuðbók, 1. janúar 1936 til 31. desember 1938.

**Askja 32**

Brunadeild, aðalbók, 31. ágúst 1943 til 31. desember 1975.
Brunadeild, höfuðbók, 1. janúar 1953 til 31. desember 1972.

**Askja 33**

Brunabótavirðingar í Reykjavík framkvæmdar árið 1950, gildandi frá 1. apríl 1951.
Uppboðsplögg skrá II 1956-1981.

Ábyrgðatryggingar aðalbók 30. júní 1958 til 31. desember 1971.

Danske Lloyd endurtryggingaviðskipti 1. janúar 1937 til 31. desember 1963.
Danske Lloyd kassabók merkt Bergur Arnbjarnarson, 4. janúar 1937 til 29. mars 1943.
Danish Pool, samtrygging vátryggingafélaga, 4. apríl 1980-30.ágúst 1983.

**Askja 33a**

Ábyrgðartrygging, bók, 31. desember 1957 til 1. ársfjórðungs 1974.

**Askja 34**

Tjónabók, fært eftir árum og númerum, 1959-1975.
Sjóðbók, ýmsir reikningar innlendir og erlendir o.fl., 31. desember 1973 til 31. desember 1983.

**Askja 35**

*Stefnir h.f., félag um kaup á enskum botnvörpung, stofnað 1920 og Hagtrygging h.f., tryggingafélag bifreiðaeiganda, stofnað 1965.*

Stefnir h.f., fundargerðabók, 6. mars 1920 til 22. nóvember 1923.
Hagtrygging h.f., stjórnarfundargerðir, I. bók, 17. apríl 1965 til 30. desember 1966.
Hagtrygging h.f., stjórnarfundargerðir, II. bók, 3. janúar 1967 til 30. desember 1969.
Hagtrygging h.f., tjónanúmer, 14. janúar 1987 til 16. ágúst 1988.

**Askja 36**

*Hagtrygging h.f.*

Ársreikningar 1966-1971, rekstrareikningur 1965, bæklingar um heimilis- og ökutækja- tryggingar 1979 og 1988.
Ljósmyndir, af stjórn og frá aðalfundum o.fl., 1968-1971.

**Askja 37**

*Bókhaldsgögn 1936-1985.*

Ársreikningar og fylgiskjöl 1936-1982, ár vantar.
Rekstrar- og efnahagsreikningur ábyrgðatrygginga 1972-1976, ár vantar.
Rekstrar- og efnahagsreikningur lífeyrissjóðs starfsmanna 1981-1982.
Rekstrar- og efnahagsreikningur mötuneytis Sjóvá og Skeljungs 1982.
Skattframtal, vinnuplagg, 1985.
Ýmis bókhaldsgögn 1939-1951.

**Prentað mál**

**Askja 38**

*Ársreikningar annarra tryggingafélaga 1947-1977, vantar ár.*

*Björgunarfélagið h.f.,* ársreikningar 1965-1973.
*Brunabótafélag Íslands,* ársreikningar 1951-1977.
*Norðlenzk trygging h.f.,* ársreikningur 1973.
*Íslenzk endurtrygging*, ársreikningar 1947-1976.

*Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna,* ársreikningar 1945-1946.
*Líftryggingamiðstöðin h.f.,* ársreikningar 1972-1973.
*Samábyrgð Íslands á fiskiskipum,* ársreikningar 1963-1972.
*Samtrygging Íslenskra Botnvörpunga,* ársreikningar 1959-1972.
*Samvinnutryggingar,* ársreikningar 1947-1973.
*Tryggingafélagið Heimir h.f.,* ársreikningar 1966-1969.
*Tryggingamiðstöðin h.f.,* ársreikningar 1957-1973.
*Trygging h.f.,* ársreikningar 1959-1973.
*Vátryggingafélagið.* ársreikningar h.f. 1962-1968.
*Verzlanatryggingar h.f.,* ársreikningar 1962-1966.
*Vátryggingarskirfstofa Sigfúsar Sighvatssonar h.f., ársreikningar -1971*
Ársreikningar erlendra tryggingafélaga o.fl. 1960-1974.

**Askja 39**

*Bæklingar, fréttablöð o.fl. Sjóvá- Almennar 1977-1999.*

Sjóvá- Almennar, tryggingabæklingar, líklega 1977-1998.
*Vel á minnst,* fréttabréf starfsmanna og umboðsmanna Sjóvá-Almennra, Ábyrgðar og
Samlífs 1993-1999.
*Sjóvá- Almennar fréttir,* fréttablað 1989-1994.
*Bót í máli,* fréttablað Sjóvá- Almennra 1995-1998.
Mappa merkt *Tökum slysin úr umferð!.*
Fundarmappa merkt *Stofn.*

**Askja 40**

*DVD, bæklingar o.fl. 1931-1996.*

DVD- diskur og bæklingur, *Í umferðinni með Sjóvá-Almennum,* án árs.
DVD-diskur, *The Golden Circle Guide, ALP car rental*, án árs.

*Kynferðisleg áreitni,* bæklingur, án árs.
*Samlíf,* bæklingur, án árs.
*Sameinaða Líftryggingafélagið h.f.,* bæklingur, án árs.
*Ábyrgð,* ýmsir tryggingabæklingar 1990-1996.
*Bifreiðaeftirlit Ríkisins,* ársskýrsla 1982.
*Bifreiðaeftirlit Ríkisins,* ársskýrsla 1985.
*Saga sjótrygginga.* Þorsteinn Egilsson, erindi, 1962.
*Skipatryggingar.* Þorsteinn Egilsson, erindi, 1963.
*Farmtryggingar.* Jón Rafn Guðmundsson, bæklingur, 1963.
Ýmis nafnspjöld
Barmmerki Sjóvá, tvö merki.
*Ólympíunefnd Íslands 1988*, peningur.
*USPE Ísland, 17-23. apríl, 1988,* peningur.
*Dýraverndarinn 1931.*
*Vísir 1948.*

**Askja 41**

Blaðaumsagnir, úrklippur. Skóla- og æskulýðsmál 1958-1963.

**Askja 42**

Blaðaumsagnir, úrklippur. Skátastarf o.fl. 1966.

**Askja 43**

Blaðaumsagnir, úrklippur. Skóla- og æskulýðsmál, Tónabær, Lídó og Tjarnarbær, 1969-1971.

**Askja 44**

Blaðaumsagnir, úrklippur. Skóla- og æskulýðsmál 1972.

**Askja 45**

Blaðaumsagnir, úrklippur. Æskulýðsmál 1972-1974.

***Ljósmyndir o.fl.***
*Ljósmyndir af starfsemi, stjórnum, starfsmönnum, tjónamyndir o.fl. 1927-2002.*

**Askja 46**

*Ljósmyndir.*

***Örk 1***
Mappa, bifreiðatjón:
Leiðbeiningar til starfsmanna vegna bifreiðaskráningar og tjóna. Eyðublöð vegna ábyrgðar-
og kaskótrygginga bifreiða. Líklega handskrifað uppkast að starfslýsingum. Tjón nr. 1411/47
umsögn og myndir.

***Örk 2***
Tjónamyndir og lýsingar tjóna.

***Örk 3***
Tjónamyndir.

*Umslag nr. 1*
Ljósmynd: Tjónamyndir, án árs.

*Umslag nr. 2*
Ljósmynd: Hópmynd, meirapróf 7. maí 1948.

*Umslag nr. 3*
Ljósmynd: Lítil askja með myndum, líklega frá ferðalögum starfsmanna, án árs.

*Umslag nr. 4*
Ljósmynd: Myndir af starfsfólki o.fl. 1962 og án árs.

*Umslag nr. 5*
Ljósmynd: Hópmynd, líklega af starfsfólki, án árs.

**Askja 47**

*Ljósmyndir.*

Myndaalbúm.
Líklega myndir af stjórn og starfsmönnum, án árs.

***Örk 1***
Ljósmyndir líklega af stjórn og fundum, án árs.

***Örk 2***
Ljósmyndir.
„Fyrrverandi og núverandi starfsmenn Sjóvá-Almennra september 2002“.
Mynd af tveim mönnum sem takast í hendur, án árs.
Mynd, líklega starfsfólk Sjóvátryggingarfélags Íslands, án árs.

Umslag.
Á umslaginu stendur: „Myndir sem ekki komust í möppur“. Líklega myndir frá Sjóvátryggingafélagi Íslands af stjórn og starfsmönnum, án árs.

Kort.
*Vitakort Íslands* frá apríl 1940.

Ljósmynd.
Aftan á myndinni stendur: „m/s Halkion VE 205 strandaði 14. des 1969 á Skálafjöru í Meðallandi. Skipið náðist út 31. des. 1969 kl. 23. Varðskip sést í fjarlægð bíða átekta (v. megin við Halkion)“, 3 myndir.

**Askja 48**

*Ljósmyndir.*

Myndaalbúm, ljósmyndir af stjórnum og úr starfi, án árs.
Þrjár myndir, án árs og nafn vantar.
Umslag: Ýmis nafnspjöld, tvö barmmerki.
Askja með peningi: *Ólympíunefnd Íslands 1988.*
Askja með peningi: *USPE Ísland 17.-23. apríl 1988.*

**Askja 48a**

Skjal í ramma.

Vátryggingarsamningur milli h.f. Olíuverslunar Íslands og Sjóvátryggingarfjelags (félags)
Íslands h.f. 27. desember 1927.

# Skjalaskrá

***Almennar Tryggingar h.f.***

## Bréfa- og málasafn

### Askja 49

*Bréfa- og málasafn 1928-1985.*

***Örk 1***
*Pósthússtræti 9, 1928-1963.*
Bréf, afsalsbréf 1928 og 1955, samningar, teikningar, tilboð og pantanir á byggingarefni,
málaferli o.fl.

***Örk 2***
Fundargerð 11. maí 1943, ljósrit.
Tilkynning um stofnun Almennra trygginga 28. september 1943, ljósrit, ½ örk.
*Lögbirtingablaðið,* tilkynning um stofnun „H.f. Almennrar tryggingar“, 20. júlí 1943.
Bréf Carls Olsen til R. H. J. Beale 1945 og ökuskírteini hans frá 1946.
Listi yfir starfólk 1944-1950, ljósrit.
Hluthafaskrá 15. marz 1968.
Bréf, minnispunktar o.fl. 1968-1985.
Samþykktir fyrir Almennar Tryggingar 1980.

***Örk 3***
Almennar Tryggingar h.f. 10 ára. Matseðill, 5. júní 1953.
Almennar Tryggingar h.f. 25 ára. Bréf, ljósrit af fundargerð 11. maí, heillaskeyti, boðs- og
þakkarkort, bæklingur, úrklippur úr blöðum og ljósmyndir, 1968.

***Örk 4***
Almennar Tryggingar h.f. 40 ára. Bréf, ræða, minnispunktar, gerð dagskrár, boðskort,
heillaskeyti og kort, listi yfir gjafir, úrklippur úr blöðum o.fl.
Kvikmynd Lofts Guðmundssonar endurgerð. Bréf, samningar, ræða á frumsýningu,
kostnaðaráætlun, reikningar o.fl., 1983.

### Askja 50

*Bréfa- og málasafn 1943-1983.*

***Örk 1***
Aldurs- og fæðingarvottorð starfsmanna frá prestum, Þjóðskjalasafni og fleirum, líklega
fengið frá starfsfólki á árunum 1943-1945.

***Örk 2***
Afmælisgrein um Carl Olsen áttræðan 1960.
Viðtal við Carl Olsen í Vikunni 1967.
Minningagreinar um Carl Olsen 1972.
Minningagreinar, grafskriftir og þakkarkort 1974-1975.

***Örk 3***
Yfirlýsing um lán vegna kaupa á fiskiskipinu Gissuri hvíta 1968 og afrit af tékka frá Sterlingbankanum 21. júlí 1969.
Skilmálar fyrir tryggingar, auglýsingar o.fl., líklega 1948-1983.
Bréfsefni, eyðublöð o.fl.

**Askja 51**

*Sjódeild 1943-1945.*

Beiðnir A-L, tryggingataki biður um tryggingu hjá Almennum tryggingum, 1943-1944.
Beiðnir M-Þ, tryggingataki biður um tryggingu hjá Almennum tryggingum 1943-1944.
Erlendar polisur, tryggingarskilmálar erlendra tryggingafélaga, 1944-1945.

**Askja 52**

*Skýrteini 1943-1951.*

Lekatryggingar nr. L-1 til L-55.
Breakdown trygging nr. B-1 til B-90.
Jarðskjálftatrygging nr. J-1 til J-111.
Reksturstöðvunartryggingar nr. R-  til R-21.

**Askja 53**

*Skýrteini 1944.*

Bifreiðadeild, tjón, nr. 1-75 1944.

**Askja 54**

*Skýrteini 1944-1945.*

Bifreiðadeild, tjón, nr. 76-99 1944.
Húsatryggingadeild, tjón, 1944-1946.

**Askja 55**

*Skýrteini 1944-1950.*

Húsatryggingadeild, tjón, 1946, 1948, 1950.
Vátryggingarsamningar, fyrirtæki, 1944-1978.

**Askja 56**

*Skýrteini 1957-1960.*

Brunadeild, heimilistryggingar tjón, 1957-1960.
Brunadeild, heimilistryggingar leki, 1957-1960.

***Örk 1***
*Præmietarif for Island* frá 1936, listi yfir tjónagreiðendur, minnisblöð vegna iðgjalda, kort yfir
tryggingataka o.fl. 1932-1968.

**Prentað mál o.fl.**

**Askja 57**

*Blöð, tryggingarbæklingar o.fl.1947-1988.*

*Almennar fréttir,* fréttabréf Almennra Trygginga 1986-1987.
*Almennar Tryggingar*, bæklingar o.fl., 1967-1968, 1979, 1982.
*Almennar Tryggingar*, handbók, 1987-1988.
*Sjóvátryggingarfjelag Íslands,* félagslög, *1923-1924.*
*Sjóvátryggingarfjelag Íslands,* félagslög, *1960.*
*Sjóvátryggingarfjelag Íslands,* félagslög, *1964.*
*Sjóvátryggingarfjelag Íslands,* félagslög*, 1974.*
*Iðgjaldaskrá fyrir Samband brunatryggjenda á Íslandi,* gildir frá 1949.
*Iðgjaldaskrá fyrir Samband brunatryggjenda á Íslandi,* 1956.
*Lov om forsikringsaftaler* 1934.
*Lov om forsikringsaftaler* 1944.
*Almennar Tryggingar h.f. og Trolie & Rothe h.f.,* kvöldvaka 12. desember 1947, 2 bæklingar.
*Iceland*, handbók, 1946.
*Præmie-tarif of Island* 1931, bók.
*Andvändarutbildning- erfarenheter och visioner* 1988.
Landakort af Japan 1975.
*Nefndarálit milliþinganefndar í togaramálum*, án árs.

**Askja 58**

***Örk 1***
Prentfilmur, eyðublöð og auglýsingar, 5 filmur.

***Örk 2***
*Rafskinna*. Kort merkt „Þakka viðskiptin" með mynd, 56 kort og yfirlitsmynd.

***Örk 3***
Umslag: Glerplötur merktar bíóauglýsingar, 17 plötur.

***Örk 4***
Umslag: Merki Almennra Trygginga h.f. og prentmót, 4 mót.

**Askja 59**

***Örk 1***
Almennar Tryggingar, plötur með prentmótum fyrir eyðublöð o.fl., 9 plötur í umbúðum auk
umbúða sem merkt er *Ábyrgðartygging ökutækja* og er tóm.

***Örk 2***
Almennar Tryggingar, grunnur, glerplata.

***Örk 3***
Merki Almennra Trygginga, glerplata.

Úrklippubók varðandi tryggingamál 1947-1975.
Úrklippubók varðandi tryggingamál 1973-1975.

## Bókhald
*Bókhaldsbækur o.fl. 1943-1988.*

### Askja 60

Efnahagsbók fyrir Almennar Tryggingar frá stofnun 1943 til 31. desember 1965.
Viðskiptamannabók, tjónabók A-Ö, 31. janúar 1955 til 31. desember 1958.
Almennar Tryggingar h.f., ársreikningar, 1944-1974.

### Askja 61

Almennar Tryggingar h.f., ársreikningar 1975-1988.
Almennar Tryggingar h.f., rekstrar- og efnahagsreikningur, 1943
Rekstrarreikningur 1982.
Skattframtal Almennra Trygginga 1983.

## Ljósmyndir

### Askja 62

*Ljósmyndir.*

***Örk 1***
Ljósmyndir, þrjú umslög með ljósmyndum af starfsfólki Almennra Trygginga við störf og leik.
Myndir í einu umslaginu eru líklega frá 1964-1967.

***Örk 2***
Ljósmyndir af húsum Almennra Trygginga h.f., byggingaframkvæmdir o.fl. án árs.

***Örk 3***
Ljósmyndir, líklega úr Reykjavíkurmynd Lofts Guðmundssonar, ljósritaður listi yfir myndir o.fl.
fylgir með.

***Örk 4***
Ljósmyndir, skemmtiferð í Grundarfjörð, 1952.
Ljósmynd, Þjóðleikhúskjallari, 5. júní 1953. Einnig er nafnalisti sem á líklega við mynd sem
ekki fylgir með.

***Örk 5***
Ljósmyndir, líklega af starfsfólki á ferðalögum o.fl., án árs.

Ljósmyndaalbúm.
Myndir af stjórn og starfsfólki, líklega teknar á 40 ára afmæli Almennra Trygginga 1983.

*Skráð í desember 2009- janúar 2010*
*Gréta Björg Sörensdóttir*

*Skjalaafhending 21. október 2010.*

*Skipaskoðunarbækur, bifreiðatryggingar, brunavirðingar, brunatryggingar.*
*Tímabil 1884-1991.*

## Askja 63

*Skipaskoðun 1919-1944.*

Skipaskoðunarbók, 2. júlí 1919 til 31. desember 1924.
Skipaskoðunarbók, 4. janúar 1925 til 31. desember 1930.
Skipaskoðunarbók, 1. janúar 1931 til 25. nóvember 1933.
Skipaskoðunarbók, 15. nóvember 1933 til 31. desember 1934.
Skipaskoðunarbók, 1. september 1938 til 25. október 1944.
Í bókinni er umslag merkt: Sveinbirni Egilssyni og í því er bréf frá Albert Þorvarðarsyni,
1. mars 1943.

## Askja 64

*Bifreiðatryggingar, brunatryggingar, brunabótavirðingar o.fl. 1884-1991.*

Bifreiðatryggingar, númerabók, 14. mars 1961 til 1. maí 1965.
Skráningarbók yfir brennsluolíu, 19. apríl til 16. október 1920, bók.
Lykill að controlbókum Sjóvátryggingarfjelgs Íslands h.f., 9. apríl 1919 til 9. apríl 1929, bók.

Brunatryggingar, 24. júní 1884 til 16. febrúar 1903, bók.
Í bókinni er bréf til Sjóvá Almennra h.f. frá Þórði Þórðarsyni, 15. apríl 1991, þar sem hann sendir kvittanir sem hann fann. Það eru: Brunavátryggingarskýrteini og endurgreiðslukvittun Kjartans Lárussonar, 1942-1957, iðgjaldakvittanir og endurnýjunarkvittun, Jóns Sigurðssonar og frúar, 1943-1946 og iðgjaldakvittanir, Sigurðar Jónssonar co. Jóns Sigurðssonar, 1943 1945.
Brunabótavirðingar í Reykjavík. Löggilt af Félagsmálaráðuneytinu, 24. september 1952, bók.

Ljósmyndir: Þrjár stórar ljósmyndir, ekki merktar og án árs.
Ljósmynd af tjónsbíl með Höfða í baksýn.

Matarskírteini, menu. Afmæðisfagnaður Almennra trygginga h.f. 15 ára 1943-1958.
Þjóðleikhúskjallarinn 12. júní 1958.

*Skráð í mars 2011*
*Gréta Björg Sörensdóttir*